

Fundargerð:

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra kom saman til 4. fundar þann 10. september 2025 kl. 14: 00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Ingibjörg Þórunna Steinudóttir frá Dalabyggð
- Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Dalabyggð
- Magnús Eðvaldsson, Húnaþingi vestra
- Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra
- Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra
- Jón Hrói Finnsson, KPMG sem ritaði fundargerð
- Lilja Ósk Alexandersdóttir frá KPMG

Dagskrá:

1. Svar Jöfnunarsjóðs við umsókn um stuðning við formlegar viðræður

Svar hefur ekki borist.

2. Viðauki við verksamning við KPMG vegna formlegra viðræðna

Frestað þar til svar berst frá Jöfnunarsjóði við umsókn.

3. Minnisblöð starfshópa

Rætt um vinnustofu sem haldin var á Borðeyri þann 26. ágúst sl. Í umræðum kom fram ánægja með vinnustofuna og afurðir hennar. Mikill samhljómur var meðal þátttakenda, sem voru jákvæðir og sáu fleiri tækifæri en ógnanir við sameiningu. Rætt var um efni minnisblaðanna og fundarmenn sögðu frá því hvað þeim þótti merkilegast og mikilvægast. Ráðgjöfum falið að vinna samantekt á niðurstöðum og drög að framtíðarsýn samstarfsnefndar með hliðsjón af umræðunum.

4. Staða verkefnisins og næstu skref

Rætt um stöðu verkefnisins og tímasetningar.

Unnur vék af fundi kl. 15:05.

Rætt um tímasetningu íbúasamráðs. Ákveðið að stefna að íbúafundum í viku 41 (6.-10. október). Lagt var til að á fundunum verði meðal annars rætt við íbúa um stjórnskipulag sveitarfélagsins ef af sameiningu kemur og hvort þörf sé á sérstökum mótvægisáðgerðum á borð við heimastjórnir.

Samstarfsnefnd samþykkir samhljóða samhljóða að leggja til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna að íbúakosningar um tillögu um sameiningu fari fram dagana 28. nóvember til 13. desember 2025 og að kosningaaldur miðist við 16 ár sbr. 3. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samstarfsnefnd beinir því til sveitarstjórnanna að þær kalli saman kjörstjórnir sveitarfélaganna til sameiginlegs fundar og óski eftir tilnefningu þriggja fulltrúa úr röðum kjörstjórnarfulltrúa til setu í sameiginlegri kjörstjórn, þannig að annað sveitarfélagið fái einn fulltrúa en hitt tvo og jafn marga til vara. Jafnframt verði gert ráð fyrir að kjörstjórnir

sveitarfélaganna verði skipaðar undirkjörstjórnir til að sjá um framkvæmd íbúakosninganna í hvoru sveitarfélagi fyrir sig.

5. Álit samstarfsnefndar

Umræður um innihald álits og framtíðarsýnar samstarfsnefndar og afstöðu nefndarmanna. Ráðgjöfum falið að hefja vinnu við drög í anda umræðunnar á fundinum.

6. Annað

Fram kom að íbúar hafi lýst áhyggjum af skerðingu þjónustu annarra aðila ef til sameiningar kemur. Rætt um að eiga samtal við hagaðila sem veita þjónustu á svæðinu, svo sem HVE, um að þjónusta verði tryggð.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:25.